



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER HÖFÐATORGI	
15. MAÍ 2020	
Málsnr.	SFS2020050080
Bréталыkill	7-1

Reykjavík, 13. maí 2020
R20050126
óm

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga Sögu Maríu Sæþórsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um fríar tíðarvörur í alla grunnskóla og félagsmiðstöðvar

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga Sögu Maríu Sæþórsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að veita auknu fjármagnni til grunnskóla og félagsmiðstöðva til þess að hægt sé að auðvelda aðgengi barna og ungmenna að fríum tíðarvörum frá og með hausti 2020.

Greinargerð:

Kynþroskaskiðið er viðkvæmt tímabil í lífi einstaklings og því er gott að vita að tíðarvörur verði aðgengilegri en þær eru í dag. Það minnkar stress og hefur í för með sér mun meiri þægindi. Þessi kaup ættu að vera í líkingu við kaup á klósettpappír. Samkvæmt grófum útreikningum eru tíðarvörur ekki kostnaðarsamar vörur og þá sérstaklega ekki eftir að bleiki skatturinn var afnuminn.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal

e.u.